

## Skuldabréfavísitölur GAMMA Capital Management hf. - Aðferðafræði

### 1. Almennt

#### 1.1 Reikniaðili.

Skuldabréfavísitölur GAMMA eru reiknaðar og birtar of GAMMA Capital Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Vísitölurnar sýna heildarávöxtun útgefina íbúðabréfa, ríkisbréfa og spariskírteina, hlutfallsvigtað miðað við markaðsverðmæti hvers bréfs í hlutfalli af heildarmarkaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni. Heildarávöxtun þýðir að vaxtagreiðslur og afborganir eru í raun endurfjárfestar í vísitölunni.

#### 1.2 Tilgangur.

Erfitt er að fylgjast með ávöxtun skuldabréfamarkaðar á Íslandi og engar vísitölur birtar sem auðvelt er að nálgast opinberlega. Það er því illmögulegt að meta árangur skuldabréfa í samanburði við aðrar ávöxtunarleiðir s.s innlán, hlutabréf, gjaldeyri og hrávörur. Að sama skapi er ekki til opinber mælikvarði til að meta frammistöðu skuldabréfasjóða sem standa fjárfestum til boða á markaði og erfitt að meta hvort virk stýring sjóðstjóra sé að skila umframávöxtun sem standi undir þóknun sjóðsins. Á gagnsæjum og skilvirkum markaði er nauðsynlegt að auðvelt sé að vita hvert ávöxtun heildarmarkaðar sé til að samanburður sé fljótlegur og gagnlegur.

### 2. Aðferðafræði

#### 2.1 Uppbygging.

Skuldabréfavísitölur GAMMA sýna heildarávöxtun helstu skuldabréfa á markaði. Skuldabréfavísitölur GAMMA eru eftirfarandi:

- GAMMA: Government Bond Index – Íbúðabréf, Ríkisbréf og Verðtryggð Ríkisbréf.
- GAMMAxi: Óverðtryggt – Ríkisbréf.
- GAMMAi: Verðtryggt – Íbúðabréf og Verðtryggð Ríkisbréf.



## 2.2 Undirliggjandi gögn og birting vísitalna.

Vísitölurnar eru reiknaðar út frá opinberu lokagengi hvers dags einsog það birtist á NASDAQ OMX Nordic Exchange. Það tryggir gagnsæi og áreiðanleika vísitalnanna. Ef skuldabréf eru ekki með markaðsvakt í NASDAQ OMX Nordic Exchange er það sjálfkrafa ekki í vísitölu GAMMA. Skuldabréf sem eru styttri en 6 mánuðir eru ekki tekin með í vísitölu.

GAMMA birtir vísitölurnar fyrir hvern dag í lok dagsins. Á fyrsta degi hvers mánaðar eru vísitölurnar endurstilltar þ.e. of stutt skuldabréf detta út og ný skuldabréf koma inn. Einnig eru hlutfallsvigtir hvers skuldabréfs endurstilltar miðað við markaðsverðmæti síðasta viðskiptadags mánaðarins á undan og nafnverð útistandandi bréfa.

## 3. Reikniformúlur

### 3.1 Vigt skuldabréfa.

Vigt hvers skuldabréfs,  $V_i$ , er stillt á fyrsta viðskiptadegi hvers mánaðar miðað við lokagengi skuldabréfa á síðasta viðskiptadegi mánaðarins á undan,  $t_0$ . Vigtir eru reiknaðar með sex aukastöfum.

$$V_i = \frac{\text{Markaðsverð}_i[t_0] \times H_i[t_0]}{\sum_j \text{Markaðsverð}_j[t_0] \times H_j[t_0]}$$

Þar sem  $\text{Markaðsverð}_i[t_0]$  er markaðsverðmæti á skuldabréfi  $i$  á tíma  $t_0$  miðað við lokagengi bréfs, uppsafnaða vexti og verðbólgu og  $H_i[t_0]$  er útistandandi nafnverðshöfuðstóll skuldabréfs  $i$  á tíma  $t_0$ .

### 3.2 Útreikningur vísitölnunnar.

Vísitalan er reiknuð út sem vigtuð markaðsverðmætaaukning hvers bréfs að meðtöldum vaxtagreiðslum og afborgunum á líftíma bréfs.

$$G[t] = G[t - 1] \times \sum_i \frac{V_i \times (\text{Markaðsverð}_i[t] + \Delta[t] \times \text{grvxt}_i)}{\text{Markaðsverð}_i[t - 1]}$$

Á fyrsta viðskiptadegi hvers mánaðar er notað uppfært  $V_i$  og miðað er við uppfærðan lista af skuldabréfum (þ.e. ný bréf koma inn og of stutt bréf detta út). Til að taka tillit til vaxtagreiðslna er notast við dummy-breytu  $\Delta[t]$  sem er 1 ef vaxtagreiðsla eða afborgun er á tíma  $t$  en er annars 0.

Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf eða hlutdeildarskírteini. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa eða hlutdeildarskírteina. Hvorki GAMMA Capital Management hf. né starfsmenn félagsins bera ábyrgð á villum sem kunna að vera í umfjölluninni. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum/hlutdeildarskírteinum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar í sjóðum má finna á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í sjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahgsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki visbendingu um framtíðarávöxtun.**